

Umhverfisstofnun
Ab. <u>AOB</u> <u>GBI</u> <u>PBG</u>
64. júlí 2014
<u>8.14.1</u>
Tilv. UST2013/100219



Sorpeyðingarstöð Suðurnesja ehf.  
Berghólabraut 7  
230 Keflavík

## UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is)

Reykjavík 2. júlí 2014  
Tilv.: UMH13110141/20-1

Vísað er til erindis Sorpstöðvar Suðurnesja sf. frá 26. nóvember 2013 þar sem óskað er eftir að undanþága frá starfsleyfi til að brenna/eyða svokölluðu þykki úr þurrkara Alcoa Fjarðaáls sem rekstraraðili fékk þann 24. júní 2013 verði fram lengd til ársloka 2014. Í erindinu kemur fram að rekstraraðili hafi fengið undanþágu frá ráðuneytinu þann 24. júní 2013 til að brenna svokölluðu „þykki úr þurrkara“. Í erindinu kemur fram að beiðnin sé send að ósk umhverfisverkfraeðings f.h. Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði en eins og fram hafi komið í fyri umsókn fyrirtækisins þá verður tiltekið magn efnisins (u.p.b. 4 rúmmetrar á mánuði) til við framleiðslu í verksmiðjunni á næstu mánuðum.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Í 1. ml. 1mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um að móttökustöð fyrir úrgang skuli hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar hinn 28. nóvember 2013 með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurnesja.

Í bréfi Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 12. desember 2013 kemur fram að í fyrra erindi fyrirtækisins hafi komið fram að um væri að ræða uppsafnað magn upp á um 20 stórsekk, eða u.p.b. 16-17 tonn, auk þess sem efnið verði til við framleiðslu í verksmiðju Alcoa Fjarðaráls á næstu mánuðum og hafi verið óskað eftir því að undanþágan myndi gilda til 31. desember 2013. Umhverfisstofnun hafi ekki gert athugasemdir við að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. yrði veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi til að taka á móti og brenna um 20 stórsekk af þykki úr þurrkara Alcoa Fjarðaáls, enda yrði ákvæðum gildandi starfsleyfis stöðvarinnar fylgt við alla meðferð og brennslu efnisins. Einnig hafi komið fram að stofnunin hafi ekki talið grundvöll fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi til brennslu meira magns en þeirra u.p.b. 20 stórsekkja sem höfðu safnast upp, enda hafi ekki legið fyrir upplýsingar um mögulegt magn umfram þá. Stofnunin hafi ekki gert athugasemdir við að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. yrði veitt svigrúm til loka ársins 2013 til að brenna úrganginn. Í ljósi síðustu undanþágu rekstraraðila sem hafi runnið út um áramótin 2013/2014 sé vert að athuga hvort um sé að ræða aðgerð eða starfsemi sem er í eðli sínu tímabundin eða ekki. Ekki sé hægt að draga greinargóða ályktun um slíkt af þeim gögnum sem liggi fyrir. Sú spurning vakni hvort að meira gæti fallið til af efninu sem kalli á aðra undanþága eftir að sú undanþága sem sótt sé um nú

rennur út. Þá væri ef til vill frekar ástæða til að endurskoða starfsleyfi rekstraraðila.

Umhverfisstofnun telji að þær upplýsingar sem liggi fyrir séu ekki nágu skýrar til að meta hve tímabundið ástandið sé við uppsöfnun og brennslu á viðkomandi úrgangi. Rétt sé því að gefa rekstraraðila tækifæri á að veita frekari upplýsingar af hverju um sé að ræða ástand sem er í eðli sínu tímabundið og að rétt sé að veita undanþágu á meðan unnið er að endurbótum eða að tiltekið ástand líði hjá. Umhverfisstofnun telji, eins og á stendur í þessu máli, að til álita komi að veita rekstraraðila undanþágu um að brenna viðkomandi úrgang á árinu 2014 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í tölvupósti 24. janúar 2014, með vísan til framangreinds erindis Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. frá 26. nóvember 2013 og framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar frá 12. desember 2013 óskað ráðuneytið eftir því að rekstraraðili Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. upplýsti ráðuneytið betur um hvort um tímabundið eða viðvarandi ástand sé að ræða varðandi brennslu eða eyðingu á svokölluðu þykkni úr þurrkara Alcoa Fjarðáals.

Með tölvupósti 27. janúar 2014 barst svar frá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. þar sem fram kemur að fyrirtækið hafi beint spurningu til Alcoa Fjaðaráls varðandi þau atriði sem Umhverfisstofnun hafi spurt um og fengið um og fengið það svar að þetta efni komi til með að myndast hjá Alcoa Fjarðárali svo lengi sem vatnshreinsivirkið sé í notkun og að vatnshreinsivirkið verði starfrækt svo lengi sem steypuskálinn verði í gangi. Þá kom fram að eina leiðin til að afsetja umrætt efni sé brennsla þar sem efnið innihaldi olíu og megi því ekki setja í urðun. Að mati Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. bendi þetta svar til þess að efnið komi til með að halda áfram að berast til Kölku til brennslu og þar af leiðandi þurfi að kanna hvort heimild fáist til að gera viðauka við starfsleyfi fyrirtækisins.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veiti ráðuneytið hér með Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að brenna/eyða svokölluðu þykkni úr þurrkara Alcoa Fjarðáals.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Rekstraraðila ber við alla meðferð og brennslu á viðkomandi úrgangi að fylgja ákvæðum gildandi starfsleyfis stöðvarinnar sem gefið var út af Umhverfisstofnun 12. júlí 2006.
2. Við brennslu á viðkomandi úrgangi skal stöðin ekki fara yfir það hámark sem henni eru sett og eru tiltekin í e-lið gr. 1.2 í starfsleyfi eða 800 tonn í heild.

Undanþága þessi gildir til 1. júlí 2015.

Þar sem um viðvarandi ástand er að ræða er því beint til rekstraraðila Sorpstöðvar Suðurnesja að athuga hvort að óska ætti eftir endurskoðun á starfsleyfi Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. hafi hann hug á að taka áfram við og brenna umræddum úrgangi eftir mitt ár 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Kjartan Ingvarsson

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja